

EBK ehf. - Eldsneytisbirgðastöð Keflavíkurflugvelli
Keflavíkurflugvelli
235 Keflavíkurflugvöllur

8. janúar 2026
UOS2501398/K.G.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 1. desember 2025

Þann 1. desember sl. fór fram reglubundið eftirlit í EBK ehf. - Eldsneytisbirgðastöð Keflavíkurflugvelli. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram.

Engar ábendingar voru sett fram í eftirlitinu.

Tvö frávik komu fram er varða:

1. Frávik frá gr. 2.2 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfis- og orkustofnun ef breyting verður á tengilið. Skráðar tengiliðaupplýsingar voru ekki uppfærðar. Frávikinu er lokað.
2. Frávik frá gr. 28 í reglugerð 884/2017. Þegar olúgeymir er tekinn varanlega úr notkun skal rekstraraðili innan sex mánaða fjarlægja olúgeyminn, ásamt lögnum honum tengdum, á þann hátt að umhverfinu stafi ekki hættu af og meðhöndla hann í samræmi við ákvæði laga um meðhöndlun úrgangs. Tveir neðanjarðargeymar í stöðinni hafa verið aflagðir og ekki verið í notkun um langt skeið. Frávikið er opið.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en **29. janúar 2026**.

Virðingarfyllst,

Kjartan Guðmundsson

Sérfræðingur í teymi eftirlits

Ágúst Már Sigurðsson

Lögfræðingur í teymi eftirlits